

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-15/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 12. febrúar 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst aðallega riftunar á kaupunum en til vara að seljanda verði gert að standa straum af viðgerðarkostnaði ef hann fellur til innan tiltekins tíma.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 15. febrúar 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 29. febrúar 2016. Hinn 7. mars 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Renault Megane scénic RX4, árgerð 2001, á 400.000 krónur þann 1. október 2015. Bifreiðin var keypt á Akureyri og hafði verið keyrð um 151.000 km. við kaupin. Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina án þess að skoða hana, þar sem hann búi á höfuðborgarsvæðinu en bifreiðin var staðsett á Akureyri, þó með þeim skilyrðum að hún væri í lagi, t.a.m. gírkassinn.

Fljótlega eftir kaupin, þegar álitsbeiðandi keyrði bifreiðina frá Akureyri til Reykjavíkur, kveðst álitsbeiðandi hafa orðið var við óeðlilegt hljóð eða skruðning þegar ekið var í fimmta gír. Hafi hann grunað að hljóðið bærst frá gírkassanum en taldi það ólíklegt þar sem honum var sagt að nýlega hafi verið skipt um gírkassa. Hljóðið hafi síðar ágerst og álitsbeiðanda varð ljóst að það bærst frá gírkassanum. Í ljós hafi komið að gírkassi bifreiðarinnar væri bilaður og ekki sé hægt að nota fimmta gír. Telur álitsbeiðandi að gírkassinn geti gefið sig á hverri stundu og hafi bifreiðin því verið haldin leyndum galla við kaupin.

Álitsbeiðandi tekur fram að ekki þýði fyrir seljanda að bera fyrir sig að um 15 ára gamla bifreið sé að ræða þar sem aðrir bílar með svipaða keyrslu og aldur hafi verið seldir á sambærilegu verði. Þá standist yfirlýsing seljanda um að bifreiðin sé í góðu lagi engan vegin.

Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi taki bifreiðina til baka og endurgreiði sér kaupverðið. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að seljandi geri bindandi samkomulag við sig um að ef gírkassinn fari innan viss tíma sjái hann um viðgerð.

### **IV**

## Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kveðst hún hafa átt bifreiðina í eitt og hálf ár og keypt hana af eiganda bifreiðaverkstæðis sem hafi gert ýmislegt fyrir hana, m.a. skipt um gírkassa. Tvisvar hafi gírstöngin losnað og komið upp úr kassanum er bifreiðin var í hennar eigu, en gert hafi verið við það í bæði skiptin og síðar skipt um gírstöng sem kostað hafi tæpar 100.000 krónur. Ekkert hafi verið nefnt af verkstæðinu um að gírkassinn sjálfur hafi verið slitinn og hún hafi treyst verkstæðinu, enda hafi hún sjálf ekki vit á slíkum viðgerðum. Þá segir seljandi að hún hafi ekki tekið eftir því að eitthvað hafi verið athugavert við fimmta gír og hafi bifreiðin fengið fullnaðarskoðun áður en hún hafi verið keyrð beint á söluna.

Þá kveðst seljandi ekki hafa verið á staðnum er kaupin fóru fram og því aldrei hafa rætt við álitsbeiðanda né lýst neinu yfir um ágæti bifreiðarinnar. Faðir hennar hafi ritað undir fyrir hennar hönd við söluna. Álitsbeiðandi hafi sagt við föður hennar að hann væri búinn að skoða bifreiðina og tala við fyrri eiganda auk þess hafi hann sagst þekkja vel til þessara bíla og sagt að veikasti hluti þeirra væri gírkassinn. Söluverð bifreiðarinnar hafi verið sanngjarnt og hafi seljandi talið sig vera að selja ágæta bifreið sem hún hafi haldið vel við og kostað nokkru til.

Hafnar seljandi öllum kröfum álitsbeiðanda.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðanda bifreiðina XX-000 þann 1. október 2015 fyrir 400.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2001 og var því rúmlega 14 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin 151.000 km. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 3. nóvember 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

**19. gr.** *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

**20. gr.** *Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið

andstætt heidarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Álitsbeiðandi telur galla vera á bifreiðinni en hann segir að fljótlega eftir kaupin hafi hann tekið eftir því að gírkassi bifreiðarinnar væri bilaður þar sem ekki væri hægt að aka í fimmta gír. Sé það ekki í samræmi við upplýsingar seljanda um að bifreiðin sé í góðu ástandi.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl., enda benda gögn málsins ekki til þess að seljandi hafi gefið slíka yfirlýsingu. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að óvíst er að seljandi hafi haft nokkra vitneskju um umrædda galla þegar kaupin fóru fram, enda hafði viðgerð farið fram á gírstöng og síðar skipt um hana áður en sala fór fram. Liggur því ekki annað fyrir en að seljandi hafi talið gírkassann í góðu lagi eftir þær viðgerðir og ekki búið yfir upplýsingum um galla á bifreiðinni. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað af hálfu seljanda í þessu tilliti og ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Álitsbeiðandi telur að galli hafi verið á bifreiðinni á þeim tíma er hann festi kaup á henni en þeir hafi komið í ljós stuttu eftir að hann hóf að nota hana. Engin gögn hafa verið lögð fram fyrir kærunefndina sem staðreyna meintan galla á bifreiðinni, en litið verður svo á að frásögn álitsbeiðanda sé rétt enda hefur henni ekki verið mótmælt sem slíkri. Samkvæmt frásögn álitsbeiðanda varð hann var við galla á bifreiðinni í formi bilunar á fimmta gír er hann keyrði frá Akureyri til Reykjavíkur strax eftir kaupin og álitur kærunefndin á þeim grundvelli að umrædd bilun hafi verið til staðar á kaupdegi.

Hins vegar ber að líta til þess að um rúmlega 14 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið um 151.000 km. á kaupdegi. Erfitt er að ætlast til þess að svo gamlar bifreiðar muni ekki þarfnast eðlilegs viðhalds eða viðgerða auk þess sem fyrir liggur að álitsbeiðandi þekkti vel til þessarar tegundar bifreiða og honum var ljóst að gírkassi þeirra sé gjarn á að bila. Gaf það álitsbeiðanda sérstaka ástæðu til að skoða bifreiðina vel áður en hann ákvað að festa kaup á henni. Álitur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að fullu við kaupin, sbr. 20. gr. lkpl. Er það því mat kærunefndarinnar af öllu ofangreindu að bifreiðin hafi ekki verið haldin göllum í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl. og geti álitsbeiðandi ekki rift kaupunum.

Þá hefur nefndin ekki heimild til að skylda aðila til þess að gera bindandi samninga samkvæmt þeim lagaákvæðum sem nefndin starfar samkvæmt og ákvæðum reglugerðar nr. 766/2006.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson